

**28.júní 2018. Kl 20:00**

Aðalfundur Völsungs

Mætt úr stjórn eru Guðrún Kristins formaður, meðstjórnendur Heiðar Haldórsson, Daníel Borgþórsson, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Rannveig Þórðardóttir ritari og Víðir Svansson varamaður.

Fundarstjóri er Linda Baldursdóttir.

Guðrún setur fundinn og afhendir fjölskyldu Ívars Hrafns Baldurssonar peningagjöf sem glímir við erfið veikindi en almenningsíþróttadeildin og hlaupahópurinn Skokki í samstarfi við Íslandsbanka héldu sumarsólstöðuhlaup sem 180 manns tóku þátt í og líka var hægt að leggja inn á reikning í Íslandsbanka en alls söfnuðust um 1.200.000 kr. Fjölskyldan þakkað vel fyrir sig og var ótrúlega þakklát fyrir stuðninginn og hlýhug í þeirra garð. Þessi fjárhæð á eftir að koma sér vel þar sem litli Ívar Hrafn þarf sennilega á nýju líffæri að halda í haust.

Linda setur fundinn og fundargestir samþykkja fundarstjóra og ritara.

Guðrún fer yfir skýrslu Völsungs 2017

Fundurinn var löglega boðaður í Skránni.

Allir fundargestir sáttil með skýrsluna og engar athsemdir.

Þóra Kristín fer yfir rekstrarreikning Völsungs.

Engar athsemdir og ársreikningarnir samþykktir með meirihluta.

Kosning um orðalagsbreytingu við 7 gr. laga Völsungs og hún er samþykkt.

Kosning um orðalagsbreytingu í 21 gr.laga Völsungs og hún er samþykkt

Skrásetja þarf eignir Völsungs því miklar eignir eru víðsvegar um bæinn og ekki vitað hvað þær eru miklar.

Árgjald Völsungs haldi áfram að vera 3000kr og var það samþykkt.

Kosning nýrrar stjórnar og formanns.

Leitað er að nýjum formanni og enginn bauð sig fram á aðalfundi en nýjir stjórnarmenn eru

Bergþóra Höskuldsd

Davíð Þórólfsson

Hallgrímur Jónsson

Heiða Elín Aðalsteinsdóttir

Jóna Björk Gunnarsdóttir

Lilja Friðriksdóttir

Lögð er fram tillaga um að 13.sept verði haldinn annar fundur og kosið verði um formann og Guðrún Kristins er formaður þangað til og er hún samþykkt.

PWC heldur áfram að vera endurskoðandi Völsungs og er sú tillaga hún samþykkt.

Önnur efni

Til máls tekur Jónas formaður HSP og er hann ánægður með ársskýrslu Völsungs. Talar hann um nýja stefnu HSP sem heitir æfum alla ævi og heilsueflandi samfélag sem Norðurþing er hluti af og að gott öflugt íþróttastarf er öllum hjartans mál. Bendir á að alltaf er erfitt að fá sjálfboðaliða til starfa við félögin. Bendir á íþróttastyrkina sem eru í boði og ánægjulegt að þeir séu í boði. Alltaf er hægt að gera betur og að árangur náist með góðri samstöðu og liðsheild. Hann vill að meiri samstarf verði í nágranna sveitafélögunum og að þau standi saman.

Enginn annar vildi taka til máls og Linda slýtur fundi 20:53 og Guðrún formaður endar fundinn með lokaorðum um hvað þurfi að gera og hvað sé framundan sem er nóg. Hún þakkar fyrir gott samstarf.

Mjörg vel var mætt á fundinn 30-40 manns.